



**SAMNINGUR UM RAFRÆNA  
ÚTGÁFU HLUTDEILDARSKÍRTEINA  
HJÁ NASDAQ VERÐBRÉFAMIDSTÖÐ HF.**

### Aðilar:

Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.	Nafn rekstrarfélags: <input type="text"/>
Kennitala: 500797-3209	Kennitala: <input type="text"/>
Í samningi þessum einnig nefnd NVM	Hér eftir nefnt rekstrarfélagið

Gera með sér svofelldan

## ÚTGÁFUSAMNING

### Almennt

#### 1. gr.

Við undirritun samnings þessa öðlast rekstrarfélagið rétt til að fá hlutdeildarskírteini í verðbréfa/fjárfestingar- eða fagfjárfestasjóð gefin út í kerfi NVM að uppfylltum skilyrðum laga, reglugerða og reglna sem gilda um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Um sjóðinn gilda lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Auðkenni, ISIN nr., umsjón og varðveisla eigna sjóðsins, sbr. 20. gr. laga nr. 128/2011 og aðrar upplýsingar um útgáfuna er greint frá í útgáfulýsingu.

#### 2. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að fara að samningi þessum, lögum, reglugerðum sem gilda um rafræna eignarskráningu og reglum Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. sem gilda hverju sinni.

### Skyldur Nasdaq verðbréfamiðstöðvar

#### 3. gr.

NVM ábyrgist að upplýsingar um framsal á hlutdeildarskírteinum sjóðsins og skráningar á réttindum þeirra sé í samræmi við þær skráningarfærslur sem reikningsstofnanir framkvæma í kerfi NVM.

#### 4. gr.

NVM er óheimilt að veita öðrum en rekstrarfélaginu upplýsingar um eigendur hlutdeildarskírteina, enda standi lög eða dómsúrskurður ekki til annars.

5. gr.

Rekstrarfélagið getur óskað eftir beinni tengingu við kerfi NVM vegna hlutaskrár að uppfylltum þeim reglum sem gilda um aðgang að kerfi NVM.

### Skyldur rekstrarfélags

6. gr.

Rekstrarfélagið ábyrgist að allar ákvarðanir um útgáfu hlutdeildarskírteina í sjóðnum og aðrar aðgerðir þeim tengdar séu teknar samkvæmt gildandi lögum og heimildum sjóðsins.

Rekstrarfélagið ábyrgist að allar upplýsingar sem veittar eru NVM í útgáfulýsingu eða með öðrum hætti séu réttar.

Rekstrarfélagið skal senda NVM undirritaða útgáfulýsingu a.m.k. fimm virkum dögum fyrir útgáfu hlutdeildarskírteinanna.

Þá skuldbindur rekstrarfélagið sig til að senda NVM til viðbótar útgáfulýsingu, aðrar upplýsingar og/eða fylgigögn um útgáfuna eða útgefanda sem NVM telur nauðsynlegar.

### Vanefndir rekstrarfélags

7. gr.

Standi rekstrarfélagið ekki við samning þennan að einhverju eða öllu leyti eða uppfylli rekstrarfélagið ekki lengur þau lög eða reglugerðir sem um það gilda, skal tilkynna það tafarlaust til NVM og greina frá ástæðum þess.

### Ábyrgð á tjóni

8. gr.

Hafi rekstrarfélagið fengið aðgang að kerfi NVM samkvæmt 6. gr. samnings þessa ber það ábyrgð á tjóni sem rekja má til þess.

Félagið er ábyrgt fyrir hvers kyns tjóni sem rekja má til þess að ákvæði 7. gr. samningsins hafi ekki verið uppfyllt.

Um ábyrgð félagsins að öðru leyti fer eftir almennum reglum skaðabótaréttar.

## Breytingar á reglum NVM

### 9. gr.

NVM er heimilt að gera breytingar og viðbætur við reglur NVM sem verða bindandi fyrir rekstrarfélagið frá gildistöku þeirra.

Ákveði NVM að gera breytingar skv. 1. mgr. sem varða rekstrarfélagið sendir NVM því tilkynningu þar um til umsagnar. Rekstrarfélagið getur skilað skriflegum athugasemdum til NVM eigi síðar en sjö virkum dögum frá því að tilkynning um breytingartillögu barst því. Berist NVM ekki athugasemdir innan frestsins lítur NVM svo á að rekstrarfélagið samþykki breytingarnar. NVM tekur afstöðu til athugasemda innan fjögurra vikna frá því að frestur til að skila athugasemdum um breytingartillögu rennur út.

NVM er þó heimilt að víkja frá framangreindum fresti og gera breytingar samkvæmt 1. mgr. án þess að leita umsagnar rekstrarfélagsins telji hún það nauðsynlegt.

## Trúnaðarupplýsingar

### 10. gr.

Upplýsingar sem samningsaðilar veita sín á milli, skulu fara með sem trúnaðarmál, nema annað leiði af lögum, reglum, dómsúrskurði eða eðli máls.

## Uppsagnarákvæði

### 11. gr.

Samningsaðilum er heimilt að segja upp samningi þessum með 6 mánaða fyrirvara. Heimilt er að láta uppsögn taka gildi fyrr ef samningsaðilar eru um það sammála.

Um afskráningu rafréfa félagsins úr kerfi NVM fer að ákvæðum reglugerðar nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð og reglum NVM.

## Gjöld

### 12. gr.

Rekstrarfélagið hefur kynnt sér gjaldskrá NVM og greiðir gjöld samkvæmt henni hverju sinni. NVM er heimilt að breyta gjaldskrá með 3 mánaða fyrirvara.

Í sérstökum tilvikum getur NVM krafist gjalda af rekstrarfélaginu vegna vinnu að beiðni þess sem ekki fellur undir útgefna gjaldskrá. Í slíkum tilvikum eru gjöld samkvæmt tímagjaldi.

### Ágreiningur

#### 13. gr.

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal fara eftir ákvæðum VI. kafla laga nr. 131/1997 þar sem við á. Að öðrum kosti er unnt að skjóta ágreiningi til Héraðsdóms Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 91 frá 1991, um meðferð einkamála.

Samningur þessi er gerður í tveimur jafngildum eintökum.

Staður:

Dagsetning:

F.h. Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf.:

F.h. rekstrarfélags:

Undirskrift:

Undirskrift prókúruhafa:

Nafn í prentstöfum:

Nafn í prentstöfum: